

Ed.

## 20. Frumvarp

Til laga um vatnsveitu fyrir Sauðárkrók.

Flutningsmaður: Jósef Björnsson.

### 1. gr.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps veitist einkaleyfi til þess, að leggja vatnsveitu í pipum neðanjarðar til Sauðárkróks og um kaupstaðinn.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja, sandtekja og rista og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á atnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitid verði, að landeigandi biði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

Hrepps- eða vatnsveitusjóður greiðir allan matskostnað.

### 2. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kaupstaðarins og um hann, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kaupstaðnum og skal engum heimilt að nota vatn úr öðrum vatnsæðum eða vatnsbólum til heimilisparfa. Þó skal hreppsnefndin í samráði við hjeraðslækni og heilbrigðisnefnd

hafa heimild til að veita undanþágu frá þessu, ef sjerstakar kringumstæður gera slíkar undanþágur æskilegar eða nauðsynlegar.

3. gr.

Með reglugjörð, sem hreppsnefndin semur og stjórnarráðið samþykkir, má selja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og um önnu atriði viðvikjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir allt að 200 krónur fyrir brot á móti ákvæðum hennar.

Þegar vatnsveitan er komin til framkvæmda, má eftir gjaldskrá, sem hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, leggja almenn gjöld til hrepps eða vatnsveitusjóðs á notendur vatnsins fyrir afnot þess, og skulu gjöld þau að því er snertir þann hluta þeirra, sem á húseignir verður lagður, hafa forgangsrjett í húseignum þeim, sem vatnsæðar eru lagðar inn í, næst á eftir hússaskatti, en á undan öllum veðböndum, er á eigninni hvíla. Einnig hafa gjöld þessi lögtaksrjett.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum og brotum gegn samþykktum þeim og reglugjörðum, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.